



Fundargerð

399. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 laugardaginn 16. júlí 2016. Þetta er 8. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 2 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og velkomna.

Bjarki Guðnason boðar forföll í hans stað mætir Bjarni Bjarnason 1. varamaður D-lista.

Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Eftir sveitarstjórnarfundinn sem haldinn var á fimmtudaginn síðasta kom í ljós að eina umsókn vantaði við umfjöllun sveitarstjórnar vegna síðari úthlutunar á tjonabótum vegna Skaftárhlaups. Umsóknin barst sannanlega innan tilskilins frests og hefði því átt að vera tekin fyrir á sama grundvelli. Til að gæta jafnræðis við úrlausn mála samkvæmt 11. gr. stjórnsýslulaga var ákveðið að boða til fundar til að leiðrétta úthlutun styrkumsókna hið fyrsta.

Dagskrá

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

Sverrir Gíslason Ó-lista og Jóhannes Gissurarson Ó-lista lýsa sig vanhæfa við afgreiðslu næsta dagskrárliðs og vikja af fundi.

1. 1603019 Umsóknir um tjonabætur vegna Skaftárhlaups – seinni úthlutun, leiðrétting

Oddviti óskar eftir að gert verði fundarhlé kl. 13:10.

Fundarhléi lýkur kl. 13:43

Til úthlutunar		12.840.400
Kirkjubæjarklaustur II	690.000	0
Hemra	900.000	287.246
Hemra	500.000	500.000
Múli	3.960.000	1.263.882
Múli	4.850.000	1.547.936
Flaga 1 og 2	6.560.000	2.093.703
Ytri-Ásar	9.875.000	3.151.725
Hvammur	10.160.000	3.242.686
Búland	2.360.000	753.222
Samtals	39.855.000	12.840.400



Alls bárust 9 umsóknir um styrki vegna tjóns af völdum Skaftárhlaups haustið 2015 á grundvelli auglýsingar Skaftárhrepps þann 5. júlí s.l. Af þeim eru 2 umsóknir þar sem tjón varð á varnargörðum í hlaupinu. Þar sem þær umsóknir falla undir þá liði sem auglýst var eftir samkvæmt skilyrðum frá ríkissjóði samþykkir sveitarstjórn að veita þeim fullan styrk. Landeigendur að Kirkjubæjarklaustri II hafa sent inn tilkynningu til sveitarstjórnar að þau óski eftir af persónulegum ástæðum að þiggja ekki tjónabæturnar. Upphæðin kemur því aftur til úthlutunar á þessum fundi sveitarstjórnar. Styrkupp hæðinni sem eftir stendur verður úthlutað jafnt til annarra styrkþega sem hlutfall af kostnaðaráætlun.

Sveitarstjórn vill benda styrkþegum á að hægt er að leita til annarra sjóða t.d. landbótasjóðs og sjóðs um varnir gegn landbroti til þeirra verkefna sem sveitarstjórn er nú að úthluta til. Úthlutun sveitarstjórnar rýrir ekki rétt styrkþega gagnvart öðrum sjóðum.

Sverrir Gíslason og Jóhannes Gissurarson koma aftur til fundarins.

Vegna sumarfrís sveitarstjóra er enginn fundur áætlaður í ágúst. Sveitarstjóri verður í sumarfríi frá 18. júlí til 19. ágúst 2016.

Næsti fundur áætlaður 1. september 2016

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 15:53

Eva Björk Harðardóttir

Jóhannes Gissurarson

Sverrir Gíslason

Bjarni Bjarnason

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir